## Hlutverk skóla

- Skipuleggja lestrarkennslu sem hentar hverjum og einum nemanda.
- Þjálfa og kenna lestur.
- Kveikja áhuga á lestri.
- Þjálfa nemendur í ritun.
- Efla orðaforða nemenda með ólíkum viðfangsefnum.
- Efla notkun bókasafnsins með áherslu á yndislestur.
- Fylgjast með námsframvindu nemenda í lestri.
- Kynna rithöfunda.
- Vinna með íslenskt mál á fjölbreyttan hátt á degi íslenskrar tungu 16. nóvember.
- Efla framsögn og hlustun.
- Fylgja heimalestri eftir.

## Hlutverk heimilis

- Kveikja áhuga barna á lestri.
- Vera fyrirmyndir í lestri.
- Lesa fjölbreytt efni fyrir börnin.
- Kenna börnunum vísur og ljóð.
- Ræða við börnin um ólíka hluti sem auka orðaforða þeirra.
- Styðja við ritun barnanna.
- Þjálfa heimalestur 5 sinnum í viku.
- Ræða við börnin um það sem þau lesa.

## Markmið;

-að nemendur öðlist þá hæfni að geta ráðið í letur.
-að nemendur geti skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma.
-að nemendur geti miðlað þekkingu sinni til annarra munnlega eða skriflega.



**Það sem skilar nemendum bestum árangri í lestrarnámi og málskilningi er að þjálfa og örva ; tal, hlustun, orðaforða, ritun og lestur.**

***<u>Læsi byggist á góðri samvinnu heimilis og skóla.</u>***

Grunnskólinn Hellu
virðing - vinátta - víðsýni

# Læsisstefna 1.-10. bekkur

